

Gildi verkefnisins og geta til að hrinda því í framkvæmd

Þessi saga tekur á málefnum líðandi stundar, svo sem heimilisofbeldi og eiturryfjanotkun ungs fólks. Áhersla verður lögð á raunsæi í bæði leik og tökustíl, þar sem sótt verður eftir því að senur í myndinni verði eins sannar raunveruleikanum og hægt er. Þetta er saga sem dregur fram hlið á íslensku samfélagi sem er mikilvægt að vekja meiri athygli á.

Aðal stöður verkefnisins

Mikill áhugi fyrir verkefninu hefur myndast og margir sem vilja taka þátt. Með auknu fjármagni mun vera hægt að fá fagfólk í hverja stöðu.

Handritshöfundur og leikstjóri: Magni Rúnar Kristinsson hefur stundað nám við kvikmyndagerð bæði hér á landi í Kvikmyndaskóla Íslands og einnig meistaranám í faginu við kvikmyndaskólann 3IS í París. Eftir dvöl hans í París hóf hann störf hjá framleiðslufyrirtækinu Sensor hér á landi og hefur unnið við framleiðslu á kvikmyndum, auglýsingum og tónlistarmyndböndum. Hann stefnir á stóra hluti í kvikmyndageiranum og með þessari mynd sanna sig enn frekar sem handritshöfundur og leikstjóri.

Framleiðandi: Hildigunnur Ýr Johnson Thorsdóttir er framleiðandi verkefnisins. Hún hefur starfað við framleiðslu tónlistarmyndbanda, auglýsinga og stuttmynda og hefur mikla reynslu af að stýra framleiðsluferli frá undirbúningi til eftirvinnslu.

Tökumaður: Baldvin Vernharðsson hefur unnið í kvikmyndageiranum síðan 2013, bæði sem leikstjóri og tökumaður. Hann hefur unnið til verðlauna fyrir bæði auglýsingar og tónlistarmyndbönd. Hann er reyndur tökumaður á filmu og því kemur hann inn með verðmæta reynslu.

Leikur:

Aðalhlutverk myndarinnar mun Nikulás Hansen Daðason fara með. Útskrifaður leikari úr Listaháskóla Íslands sem hefur eftir útskrift unnið í kvikmyndum, sjónvarseríum og auglýsingum.

Birnir Sigurðarson leikur aukahlutverk myndarinnar. Hann hefur sannað sig sem framúrskarandi tónlistarmann og er með mikla orku á sviði sem hann mun óneitanlega koma með í þetta verkefni.